2019-10-30

Ísafjarðarhöfn
b.t. Guðmundur M. Kristjánsson, hafnarstjóri
Hafnarhúsinu
400 Ísafjörður

Erindi: Viðkomur Eimskips á Ísafirði við innleiðingu á nýju og breyttu siglingakerfi

Erindið er sent í framhaldi af fundi 30. október 2019 þar sem fulltrúar Eimskips og Ísafjarðarhafnar hittust og ræddu ýmsa þætti í viðskiptum hafnarinnar og Eimskips.

Nýtt siglingakerfi Eimskips hefur í för með sér að skip á s.k. gulri leið munu hafa fyrstu viðkomu á Íslandi á Mjóeyrarhöfn aðra hvora viku og sigla þaðan til Sauðárkróks, Húsvíkur, Akureyrar, Ísafjarðar og síðan til Reykjavíkur. Skipið sem sinnir þessari þjónustu verður áfram Selfoss sem er 700 TEU og 7.464 tonn. Eimskip óskar eftir viðræðum við Ísafjarðarhöfn um að fá afslætti af gjaldskrá hafnarinnar fyrir öll skipatengd viðkomugjöld.

Vörugjöld á vöru sem flutt eru með skipi á milli hafna á Íslandi / strandflutningur

Vara sem flutt er á milli tveggja hafna á Íslandi / strandflutningur ber hálft vörugjald í lestunar- og losunarhöfn þ.e. per tonn skv. tegund vöru. Vara sem flutt er á milli tveggja staða á Íslandi með akstursþjónustu ber ekki vörugjöld á neinum tímapunkti í akstursþjónustuferlinu.

Vara sem flutt er á milli staða á Íslandi hefur áður greitt vörugjöld eða önnur gjöld, annaðhvort við innflutning vöru eða innflutning á afurðum til nota við framleiðsluferli og í framleiðsluferli. Strandflutningur er í samkeppni við aksturþjónustu á Íslandi hverju sinni, þar verður ójöfnuður á samkeppnisgrundvelli þar sem vara sem flutt er með skipi fær á sig vörugjöld en akstursþjónusta ekki.

Fyrirspurn: Er vilji hjá Ísafjarðarhöfn að hætta gjaldtöku á vörugjöldum í strandflutningi?

Vörugjöld á vöru við beinan innflutning til Ísafjarðar

Í nýju siglingakerfi Eimskips verður beinn innflutningur vöru til Ísafjarðar og annarra hafna viðkomuhafna Eimskips á landsbyggð mögulegur, hálfsmánaðarlega frá Rotterdam, Immingham og Þórshöfn, Færeyjum.

Fyrirspurn: Er vilji hjá Ísafjarðarhöfn að auka hag fyrirtækja og íbúa á Vestfjörðum með því að gefa afslátt af vörugjöldum á innflutningsvöru til Ísafjarðar?

Vörugjöld á vöru við beinan útflutning frá Ísafjarðarhöfn

Beinn útflutningur vöru frá Ísafjarðarhöfn er í nýju siglingakerfi Eimskips eins og áður, til Þórshafnar (FO) og Immingham. Útflutningssendingar bera eitt vörugjald.

Umlestun verður í Sundahöfn, Reykjavík, á útflutningsvöru frá Ísafirði er fara fara áfram til annarra viðkomuhafna Eimskips í Evrópu (annara en Þórshafnar FO og Immingham), USA og Kanada. Þannig reiknast við núverandi stöðu skv. gjaldskrám hafna, eitt vörugjald skv. gjaldskrá Ísafjðararhafnar og annað vörugjald við umlestun á vörum yfir í annað skip í Sundahöfn, Reykjavík skv. gjaldskrá Faxaflóahafna, samtals tvö vörugjöld.

Fyrirspurn: Er vilji hjá Ísafjarðarhöfn að auka hag fyrirtækja og íbúa á Vestfjörðum með því að gefa afslátt af vörugjöldum á útflutningsvöru frá Ísafirði?

Einföldun á gjaldskrá vörugjalda – litið til næstu framtíðar

Gjaldskrá vörugjalda fyrir Ísafjarðarhöfn hefur um töluverðan tíma verið byggð á vörugjöldum per tonn í fjórum gjaldflokkum. Það er töluvert flækjustig að vörugjaldaflokka vörur eftir tegund, vörugjaldaflokkum og flutningsleiðum (sjá hér að framan umræðu um flutningsleiðir).

Fyrirspurn: Hver er framtíðarsýn Ísafjarðarhafnar vegna gjaldtöku vörugjalda? Er til endurskoðunar nú fyrir nýtt ár þ.e. frá og með 1.1.2020 að skoða tækifæri til einföldunar á gjaldskrá vörugjalda og innheimta t.d. vörugjöld per lestaðan heilgám þar sem meðhöndlun vöru á hafnarsvæði er með gám en ekki eiginlega vöru. Hafnir í Skandinavíu sem við berum okkur gjarna saman við innheimta vörugjöld per gám (utan Færeyjar). Hafnir utan Skandinavíu innheimta yfirleitt ekki vörugjöld heldur skipagjöld og gjöld er tengjast viðkomum – ekki eiginlegri vöru viðskiptavina í flutningum.

Virðingarfyllst,

EIMSKIP ÍSLAND EHF

Guðmundur Nikulásson
Framkvæmdastjóri Innanlandssviðs